

## LÖG

### um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (reglugerðarheimildir).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

1. gr.

5. mgr. 84. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um heimili og önnur úrræði samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Í stað orðanna „barnaverndarþjónustu í sínu heimilisumdæmi“ í 2. málsl. 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

3. gr.

2. mgr. 86. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um sumardvalir samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Við 91. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um aðra vistun barns á heimili án atbeina barnaverndaryfirvalda samkvæmt þessari grein.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

5. gr.

Við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi og rekstur gæsluvalla og daggæslu í heimahúsum samkvæmt þessari grein.

Nr. 9

15. febrúar 2024

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 15. febrúar 2024.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Ásmundur Daðason.*

A-deild – Útgáfudagur: 23. febrúar 2024